

Mál nr. 291/2014
M og
V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis bifreiðarinnar A.

Árekstur, líkamstjón, orsakasamband. 24.5.2013.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 18.9.2014 ásamt fylgiskjöllum 1-7.
2. Bréf V dags. 30.9.2014.

Málsatvik.

A var bakkað inn í vinstri hlið bifreiðar M sem ók eftir bifreiðastæði verslunnar. M segist hafa fengið hnykk á hálsinn við áreksturinn og krefst bóta fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V. M segir að V hafi í engu hnekkst staðhæfingum hennar um líkamstjónið sem hún hafi orðið fyrir við áreksturinn og skýrslu sem V hafi aflað einhliða án samráðs við M verði ekki lögð til grundvallar í málinu. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi fyrst leitað til læknis um 3 vikum eftir slysið. Þá vísar V til þess að skýrsla sem V fékk fyrirtækið Aðstoð og Öryggi til að vinna byggji á óumdeildum gögnum en ekki upplifun skýrsluhöfundar. V telur að höggið sem M varð fyrir í umrætt sinn hafi verið lítið og vísar í því sambandi til skýrslu Aðstoðar og Öryggis og ákomur á bifreiðunum og telur litlar sem engar líkur á að áreksturinn hafi getað valdið tjónþola þeim einkennum sem hún telur sig hafa orðið fyrir við slysið.

Álit.

Gögn málsins um líkamstjón M og fyrri heilsufarssögu eru af skörnum skammti. Af ljósmyndum af A og bifreið M má ráða að ekki hafi verið um harðan árekstur að ræða. Niðurstaða í skýrslu Aksturs og Öryggi ehf. dags. 28.8.2013 bendir til hins sama. Skýrslu Akstur og Öryggi ehf. var aflað einhliða af V og er tekið tillit til þess varðandi sönnunargildi skýrslunnar. Ekkert mat liggur fyrir um það hvort og að hve miklu leyti þeir verkir sem valda M vanda í dag eru orsök árekstursins þ. 24.5.2013. Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður því ekki fullyrt að orsakatengsl séu á milli þeirra verkja sem M er haldin í dag séu afleiðing af árekstrinum frá 24.5.2013. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 28.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.